



Miklabraut - vestur

Kl. 15:08:49 - mán. 13. feb. 2017

Gemlufallsheiði - norður

Veðrið kl. 15:20 S 4 m/s 4°C

Kl. 15:01 - mán. 13. feb. 2017

Sigljufjarðarvegur - suðvestur

Veðrið kl. 15:00 SV 4 m/s 6°C

Kl. 15:10 - mán. 13. feb. 2017

Eldhraun - suðvestur

Veðrið kl. 14:50 ANA 3 m/s 3°C

Kl. 15:00 - mán. 13. feb. 2017

Breiðdalsheiði - vestur

Veðrið kl. 15:00 ASA 4 m/s 2°C

Kl. 15:00 - mán. 13. feb. 2017

Mývatnsheliði - norður

Veðrið kl. 14:50 S 3 m/s 3°C

Kl. 15:00 - mán. 13. feb. 2017

Veturinn hefur verið óvenju hlýr og snjóléttur í flestum landshlutum. Á vefmyndavélum sem sýna færð á vegum var vart snjóórðu að sjá á vegunum í gær. Á sama tíma í fyrra var vetrarfæri víðast hvar. Hlyndin eru slík að ferskum gulrótum skaut upp á Dalvík í miðjum febrúar og víða má sjá páskalliljur sem byrjaðar eru að gægjast upp úr moldinni. Sjá síðu 4 / MYNDIR/VEGAGERÐIN

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens tjáir sig um laxeldi. **10**

SPORT Meistaradeild Evrópu hefst aftur í kvöld. **12**

TÍMAMÓT Ný útgáfa af Elsku stelpur, siguratriði Skrekks 2015, verður frumsýnd í dag. **14**

LÍFID Ferðamenn komu til Íslands til að biða í röð eftir Yeezy Boost. **22**



PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Innleiðum mun færri lyf en nágrannapjóðir

Þrefalt fleiri ný krabbameinslyf hafa verið tekin í notkun í Noregi, Danmörku og Svíþjóð en á Íslandi frá árinu 2013. Ekkert svigrúm er sagt í fjárlögum til að taka upp ný lyf. Heilbrigðisráðherra segir alvarlega framúrkeysrslu hafa orðið 2016.

HEILBRIGÐISMÁL Ekki verður neinu fjármagni varið til upptöku nýrra lyfja hér á landi í ár þar sem ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítala segir það bitna á sjúklingunum sjálfum.

Guðrún I. Gylfadóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar, segir ekkert svigrúm á þessu ári til að taka ný lyf í notkun. Hún hafi gert heilbrigðisráðherra grein fyrir þessari stöðu. Eins og staðan sé núna verði hins vegar þau lyf sem þegar er búið að samþykkja notuð. Þau nýju biði enn um sinn.

„Upptaka nýrra lyfja er kostnaðarsöm og öll vestræn ríki vinna nú að því að stemma stigu við kostnaði við upptöku nýrra lyfja. Við höfum tekið upp fjölda lyfja á síðustu árum. Nú er hins vegar ekki svigrúm til upptöku nýrra lyfja,“ segir Guðrún. „Lyfjagreiðslunefnd vinnur eftir mjög skýrum ramma og það er stjórnvalda að setja fjármagn til upptöku nýrra lyfja.“

Kostnaður af lyfjum er því miður vandamál og viðvarandi vandamál að upptaka nýrra lyfja verður dýrari og dýrari.

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra



María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans, segir spítalann lita þetta sömu augum.

„Að okkar mati mun þetta helst koma niður á sjúklingunum sjálfum,“ segir María. „Vissulega er bagalegt ef ný lyf verða ekki tekin upp hér á landi á þessu ári.“

Samkvæmt Frumtökum, samtökum frumlyfjaframleiðenda, hefur Ísland dregist aftur úr varðandi upptöku nýrra krabbameinslyfja frá árinu 2013. Af 25 nýjum lyfjum við illkynja krabbameinum hefur Ísland tekið átta í notkun. Noregur hefur hins vegar veitt leyfi fyrir 24 lyfjum, Danir og Svíar 22 og Finnar hafa tekið upp 17 þessara lyfja.

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra segir stöðuna erfiða vegna alvarlegrar framúrkeysrslu á síðasta ári. Hún sé til skoðunar í ráðuneytinu um þessar mundir.

„Það sem kom í ljós er að kostnaðurinn á árinu 2016 fór alvarlega fram úr áætlunum. Kostnaður af lyfjum er því miður vandamál og viðvarandi vandamál að upptaka nýrra lyfja verður dýrari og dýrari,“ segir heilbrigðisráðherra en bendir á að hægt sé að laga stöðuna. „Á síðasta ári var samþykkt að auka innspýtingu í málaflökkinn og við erum að skoða það núna.“

sveinn@frettabladid.is

Útgerðarmenn skoða tilboð sjómanna og svara í dag

KJARAMÁL Samninganefnd Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) fundaði í gær til að ræða tilboð sjómanna í kjaradeilu aðilanna. Nefndin mun halda áfram að funda í dag til að reyna að binda enda á verkfallið sem nú hefur staðið yfir í slétta tvo mánuði.

Sjómenn gerðu SFS tilboð í gær

sem kallað var lokatilboð. Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins, sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að sjómenn væru tilbúnir að slaka ákveðið mikið til en lengra væri ekki hægt að fara.

Í tilboðinu felst að sjómenn slaka á kröfum um olíuviðmiðið en Val-

mundur vildi ekki útskýra innihaldi tilboðsins nánar.

„Við erum að reikna út hvað felst í tilboði sjómanna. Þegar þeirri vinnu er lokið geri ég ráð fyrir að við verðum í sambandi við samninganefnd þeirra,“ segir Jens Garðar Helgason, formaður SFS. Hann taldi líklegt að samtökin myndu svara í dag. –joe

ÖSKUDAGUR 2017

Hokus Pokus

hokuspokus.is


N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

N1

Besta leiðin
fyrir náttúruna



Veður



Í dag er útlit fyrir suðaustanátt og rigningu víða á sunnan- og vestanverðu landinu. Það rignir fram eftir kvöldi á Suðurlandi og í nágrenni höfuðborgarinnar. **SJÁ SÍÐU 16**

Tíðar komur loðnuskipa

SJÁVARÚTVEGUR Fimm norskir loðnubátar lönduðu í Neskaupstað í lok síðustu viku og unnið var á vöktum í fiskiðjuveri Sildarvinnslunnar alla helgina.

Á heimasíðu Sildarvinnslunnar segir jafnframt að vinnsla aflla sem barst fyrir helgina hafi lokið aðfaranótt mánudags, en ekkert lát er þó á komum norskra loðnuskipa til Neskaupstaðar og höfðu fimm skip tilkynnt komu sína í gær – með um 1.700 tonn. Vel gengur að vinna loðnuna í fiskiðjuverinu og er hráefnið ágætt, segir í fréttinni.

Polar Amaroq landaði enn fremur fullfermi af frosinni loðnu, 610 tonnum, í frystigeyslur Sildarvinnslunnar á laugardag en skipið hefur að undanförunni verið við loðnuleit ásamt skipum Hafrannsóknastofnunar auk þess leggja stund á veiðar. – shá

Valentínus sækir í sig veðrið



„Konudagurinn er alltaf stærstur en Valentínusardagurinn fer mjög ört stækkandi,“ segir Dána Allansdóttir deildarstjóri Blómavals í Skútuvogi. Valentínusardagurinn er í dag og gera margir vel við ástina sína af því tilefni. „Á Valentínusardeginum vilja menn helst rósin en á konudeginum eru blómvendir vinsælastir. Viðskiptavinahópurinn er einnig mismunandi. Íslendingar koma frekar á séríslenska konudeginum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

Guðný Halldórsdóttir vill nýjan Þingvallaveg burt úr Mosfellsdal

SAMGÖNGUR Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndaleikstjóri í Melkoti, leggur til að Þingvallavegur verði ekki endurbýggður í Mosfellsdal eins og til stendur heldur verði færður suður í sitt gamla vegstæði um Mosfellsheiði.

Í athugasemd við nýja deiliskipulagstillögu segir Guðný nýjan veruleika kominn upp. Hún segir 98 prósent þeirra sem fara um Þingvallaveg vera ferðamenn að fara Gullna hringinn svokallaða. Stanslaus umferð hafi verið á jóladag. Fyrir fimm árum hafi ekki sála verið á ferð á þeim tíma.

„Allt hófst þetta fyrir alvöru þegar vegurinn yfir Lyngdalsheiði var lagaður og betrubættur. Þá jókst umferðin rosalega,“ skrifar Guðný. Betrubætur á veginum um Kjósarskarð og Uxahryggi eigi eftir að auka álagið af gegnumstreymi bíla enn frekar. Hún nefnir blómlega



Guðný Halldórsdóttir kvikmyndaleikstjóri í Melkoti

starfsemi víða um Mosfellsdal sem muni gjalda fyrir áformuð hringtorg, undirgöng og nýja vegi innan sveitarinnar.

„Hætt er við að þessi búsældarlegasti hluti sveitarinnar láti á sjá með þeim risavöxnu samgöngumannvirkjum sem fyrirhuguð eru – einungis með það í huga að liðka fyrir gegnumstreymi til Þingvalla og austur í sveitir,“ segir í bréfi Guðnýjar sem vill að frekar verði horft til vegstæðis gamla Þingvallavegarinnar. Hann var lagður 1890-1896 og liggur austur yfir Mosfellsheiði frá Geithálsi. –gar


Umhverfisráðherra vill stýra umferð í Silfru

Umhverfisráðherra segir brýnt að skoða hvernig ferðabjónustufyrirtæki nýta sér Þingvelli. Þjóðgarðsvörður vill að Samgöngustofa hafi öryggisverði við Silfru sem hafi eftirlit með starfsemi sem þar fer fram.

UMHVERFISMÁL Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, tekur undir með starfsmönnum Þingvallabjónustufyrirtækis lét lifið. Þetta segir í svari Bjartar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Björt segir að þessi mál séu til skoðunar hjá Þingvallabjónustufyrirtæki sem hafi unnið að frumvarpi um starfsemi innan garðsins. Þau frumvarpsdrög séu væntanleg til ráðuneytisins. „Brýnt er að skerpa á því hvernig ferðabjónustuaðilar nýta sér svæði innan þjóðgarðsins með þeirri miklu aukningu á aðsókn sem verið hefur undanfarið misseri og áfram er útlit fyrir að verði,“ segir í svarinu.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, vill taka upp eftirlit við Silfru með öryggisvörðum sem stæðu vaktir þar. Til að standa undir kostnaði við slíkt eftirlit þyrfti þjóðgarðurinn að hækka gjald fyrir köfun úr 1.000 krónum í 1.500 krónur. „Öryggismálin snúa að Samgöngustofu og með því að hækka gjaldið um 500 krónur þá er hægt að fá laun fyrir tvo menn sem á vöktum gætu staðið þarna,“ segir Ólafur. Hann segist hafa átt marga góða fundi um þetta með Sam-



Karlmaður lést í Silfru á sunnudaginn eftir að hann hafði verið að snorkla þar með hópi fólks. Þjóðgarðsvörður vill taka upp stifara eftirlit. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

göngustofu og fleiri fundir verði haldnir á næstunni. Þjóðgarðurinn hafi fengið fyrirtæki sem heitir Lota til þess að gera úttekt á því hvernig staðið yrði að svona eftirliti með valdheimildum. Hann vilji leggja þá úttekt fram á næsta fundi með Samgöngustofu.

Þórhildur Elin Elinardóttir, upplýsingafultrúi Samgöngustofu, segir hins vegar að hinn stjórnsýslulegi eftirlitsþáttur Samgöngustofu nái ekki til þess að vera með eftirlitsmenn við ferðabjónustufyrirtæki,

enda væri það viðtækara en hlutverk Samgöngustofu í dag. „Þá þyrftum við að vera með eftirlit við Jökulsárlón og öll „river rafting“-fyrirtæki og á öllum bryggjum þar sem stundaðar eru hvalaskoðunarferðir eða útsýnissiglingar. Þetta væri þá orðið mjög viðtækt,“ segir Þórhildur Elin.

Samgöngustofa heyrir undir samgönguráðherra. Jón Gunnarsson, ráðherra málaflökkisins, segist vera að afla sér upplýsinga um málið úr ráðuneytinu og frá Samgöngustofu. jonhakon@frettabladid.is

AÐALFUNDUR KORPÚLFA

SAMTAKA ELDRI BORGARA Í GRAFARVOGI ÁRIÐ 2016.

Aðalfundur Korpúlfa verður haldinn miðvikudaginn 22. febrúar 2017 kl. 13:00 í Borgum, Spönginni 43, Reykjavík.

Dagskrá fundarins :

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári 2016.
3. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2016, kynntir og fyrirspurnum svarað.
4. Lagabreytingar og afgreiðsla tillagna.
5. Pakkir til fráfarandi stjórnar og nefndarmanna
6. Uppstillingarnefnd kynnir tillögur sínar að nýjum nefndar og stjórnarmönnum Korpúlfa
7. Kosning stjórnar og nefndarmanna
8. Ný stjórn og 4 nefndir kynntar fundargestum
9. Korpussystkin munu skemmta með söng
10. Upplæstur frá menningarnefnd Korpúlfa
11. Önnur mál

Vonumst til að sjá sem allra flesta.

Stjórn Korpúlfa.





RENAULT
Passion for life

NÝR RENAULT GRAND SCENIC

GLÆSILEGUR 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL



ENNEWM / SIA / RW7976.6

RENAULT GRAND SCENIC

DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR, ELDSNEYTISNOTKUN
FRÁ 4,0 L/100 KM*

Staðalbúnaður m.a.: Fjarlægðarvari að aftan og framan, 20" álfelgur, regnskynjari fyrir rúðupurrkur, sjálfvirk há/lág ljós (High beam assist), akreinavari (Lane departure warning), vegaskiltisnemi (Roadsign recognition), R-Link kerfi, 7" snertiskjár, leiðsögukerfi með Íslandskorti, útvarp 4x20W með 8 hátölurum, Audio-streaming Bluetooth kerfi, USB og AUX tengi.

VERÐ FRÁ: 4.390.000 KR.



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Tók á níunda ár að klára mál hjá Viðlagatryggingu eftir skjálfta

STJÓRNSÝSLA Úrskurðarnefnd um Viðlagatryggingar gagnrýnir Viðlagatryggingasjóð harðlega í úrskurði sínum um málefni Friðarstaða sem kveðinn var upp í desember. Telur nefndin málið hafa tekið óeðlilega langan tíma. Framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar segir það mat byggt á reginmisskilningi.

„Úrskurðarnefndin telur að endingu óhjákvæmilegt að gera athugasemdir við meðferð Viðlagatryggingar

Telur úrskurðarnefndin að það verðlag sem og sá tími sem farið hefur í meðferð málsins sé vart viðunandi.

Úrskurðarorð frá úrskurðarnefnd um viðlagatryggingar

ingar Íslands á málinu, allt frá því að það kom fyrst til kasta stofnunarinnar í júní 2008. Telur úrskurðarnefndin að það verðlag sem og sá tími sem farið hefur í meðferð málsins sé vart viðunandi,“ segir í úrskurðinum. Telur nefndin verðlagið ekki teljast til góðrar stjórnsýslu og bætur til kæranda komi mjög til álitna en dómstólar þurfi að skera úr um það.


„Þetta hefur tekið gríðarlega langan tíma og hefur töfin kostað mig yfir tíu

milljónir króna sem Viðlagatrygging vill ekki greiða fyrir,“ segir Diðrik Sæmundsson. „Eins og þetta horfir við mér eftir allan þennan tíma þá hef ég þá tilfinningu að eignir fólks séu í raun ótryggðar fyrir svona tjónum,“ bætir Diðrik við.

Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands, segir úrskurð nefndarinnar byggðan á misskilningi. „Málið hefur verið jafn lengi hjá úrskurðarnefnd-

inni sjálfri og hjá okkur. Við höfum sýnt fram á það að við höfum alla tíð verið að vinna að málinu. Málið hefur aldrei legið hjá okkur óhreyft,“ segir Hulda Ragnheiður. „Persónulega finnst mér þetta hins vegar mjög langur tími og vil að málin taki styttri tíma. Hins vegar eru mál stjórnsýslulega mjög flókin þegar uppi er ágreiningur um nánast öll efnisatriði málsins.“

sveinn@frettabladid.is



Í Borgarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afturkalla vegafé í Borgarbyggð

SAMGÖNGUR Sveitarstjórn Borgarbyggðar lýsir yfir vonbrigðum með fyrirætlanir um að felldar verðir niður fjárveitingar frá ríkinu til þeirra vegaframkvæmda sem voru fyrirhugaðar 2017 í Borgarbyggð samkvæmt Vegaáætlun 2016.

„Daglega aka íbúar varasama malarvegi á leið til skóla og vinnu. Ennfremur knýr mikil aukning ferðafólks á með auknum þunga að unnið verði að nauðsynlegri uppbyggingu vegakerfis í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnin hvetur þingmenn kjördæmisins til að standa vörð um hagsmunum Borgarbyggðar og Vesturlands í þessu efni þannig að nauðsynleg uppbygging og viðhald vegakerfisins dragist ekki enn frekar en orðið er,“ segir í ályktun. –gar

Stálu frá hernum

DÓMSMÁL Tvær konur voru fyrir viku sakfelldar í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir þjófnað. Konurnar höfðu brotist inn í fatasöfnunarkassa nytjamarkaðar á vegum Hjalpræðishersins. Brotið átti sér stað í október síðastliðnum.

Báðar konurnar játuðu brot sín skýlaust fyrir dómi, lýstu iðrun en þær höfðu skilað þýfinu. Hvorug þeirra hefur áður gerst brotleg við lög. Með hliðsjón af því að verðmæti hinna stolnu muna lá ekki fyrir var ákvörðun refsingar kvennanna frestað og mun hún falla niður haldi þær skilorð í eitt ár.

Málsvarnarlaun verjanda annarrar konunnar og málskostnaður, 210.800 krónur, greiðast úr ríkissjóði. –jóe

Ferskum gulrótum skaut upp á Dalvík í vorveðrinu í febrúar

Guðný Sigríður, kennari á Dalvík, smakkaði á brakandi ferskum gulrótum sem hún tók upp um helgina. Hitinn fór upp í 19,1 gráðu við Eyjabakka, en það er óstaðfest af Veðurstofu Íslands. Tíðarfarið er vissulega óvenjulegt, segir veðurfræðingur, og bætir við að það stefni í sögulegan mánuð hvað hita varðar.

VEDUR „Þær voru dásamlega góðar. Brakandi ferskar og finar,“ segir Guðný Sigríður Ólafsdóttir, kennari á Dalvík, en hún tók upp fulla skál af nýjum gulrótum á sunnudag. Slíkt er auðvitað frekar fjarstæðukennt enda ekki algengt að gulrætur láti á sér kræla í miðjum febrúarmánuði. „Ég hef ekki einu sinni tekið upp svona stórar gulrætur fyrr,“ segir hún en gulræturnar kúðu í beðinu austan við hús hennar á Dalvík.

Mikill hiti hefur verið á landinu að undanförunu og fór hitinn upp í 19,1 gráðu við Eyjabakka en Trausti Jónsson veðurfræðingur á þó eftir að staðfesta það. Hæsti staðfesti hitinn í gær var á Seyðisfirði þar sem hitinn sló í 13,7 gráður. Enda hafa margir nýtt sér góða veðrið og farið í golf, sótt kindur á fjall, vegir hafa verið hefllaðir og mörg skólabörn nýttu sér góða veðrið með því að vera á stuttermabol í frímínútum. Séu vefmyndavélar Vegagerðarinnar skoðaðar má sjá að það er varla snjóarða á eða við vegi landsins.

Forsíða Fréttablaðsins 16. febrúar 2016

„Þetta er óvenjulegt. Tíðin er óvenjuleg,“ segir Elin Björk Jónasdóttir, fagstjóri almennrar veðurþjónustu hjá Veðurstofu Íslands, og bætir því við að þetta stefni í að verða sögulegur



Höfuðborgarsvæðið er nánast autt af snjó. Fyrir ári var staðan önnur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

febrúar hvað hita varðar.

Fyrir ári var forsíðumynd Fréttablaðsins af krökkum að ganga úr skólanum í gríðarlegu fannfergi enda voru alhvítir

dagar í Reykjavík alls 27 í febrúar í fyrra. Snjómagn var einnig í meira lagi, það mesta í febrúar

Þær voru dásamlega góðar. Brakandi ferskar og finar.

Guðný Sigríður Ólafsdóttir



Gulræturnar sem Guðný tók upp. MYND/GUÐNÝ

síðan árið 2000. Alhvítt var allan febrúar í fyrra á Akureyri.

Teitur Arason, veðurfræðingur hjá Veðurstofunni, segir að fyrir helgi hafi byggt upp svokölluð fyrirstöðuhæð sem hafi setið föst og beint köldu lofti frá Austur-Evrópu yfir Bretland meðal annars. Hlýtt loft hafi komið langt sunnan úr höfum og vegna fyrirstöðuhæðarinnar ekki komist neitt annað en til Íslands. Hefði þetta gerst að sumarlagi hefði hitinn líklega farið yfir 25 stig. benediktboas@365.is

Ungir öikumenn aka áberandi hraðast

UMFERÐARÖRYGGI Fjórðungur ökumanna yngri en 24 ára segist aka hraðar en 101 km/klst. á þjóðvegum landsins. Þrír af hverjum fjórum í sama aldurshópi segjast aka yfir leyfilegum hámarkshraða að jafnaði.

Þetta má lesa úr niðurstöðum könnunar á umferðarhegðun almennings sem Gallup framkvæmdi fyrir Samgöngustofu. Slík könnun hefur verið gerð árlega frá árinu 2005.

Niðurstöðurnar eru að mestu svipaðar og síðustu ár. Hlutfall þeirra sem aka á yfir 90 km/klst. að jafnaði lækkar lítillega á milli ára en hlutfall þeirra sem aka á yfir 100 km/klst. hækkar, er nú sjö prósent og hefur aldrei verið hærra. Meðalhraði hækkar lítillega og er tæplega 96 km/klst.

Könnunin sýnir einnig að konur bera meiri virðingu fyrir hámarkshraða en rúmlega helmingur kvenna segist halda sig fyrir innan 90 km/klst. Hjá körlum er hlutfallið 43 prósent.



Fáir öikumenn verða varir við eftirlit lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Úr slysaskýrslum undanfarinna ára má lesa að jafn miklar líkur eru á að kona valdi slysi og karl. Slysa af völdum karlkyns ökumanna eru hins vegar líklegri til að vera alvarleg.

Um helmingur ökumanna verður sjaldan eða aldrei var við eftirlit lögreglu. Það hlutfall hefur hækkað töluvert frá árinu 2013 en þá var það 36 prósent. –jóe

Allt til kerrusmiða

- Vanræktu ekki viðhaldið -



AL-KO
QUALITY FOR LIFE

DEXTER AXLE

Stál og Stansar ehf.

Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Ford

NÝR KA+



#SNJALLASTUR

Nýr Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra aksturseiginleika, notagildi og Ford gæði.

VERÐ FRÁ:

1.890.000 KR.

28.388 kr.
á mánuði

- Miðað við 90% Lykillán
- Kaupverð 1.890.000 kr.
- Innborgun 189.000 kr.
- Vextir 8,9%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,66%



Ford er frábær!
Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+

ford.is



Öruggur staður til að vera á


Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

**BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM
KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU
ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI**



www.bilaland.is



Rnr. 360095

HYUNDAI Tucson Premium.
Nýskr.05/2016, ekinn 15 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 5.490 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kaupþúni 1



Rnr. 370122

BMW X5 XDrive 40d F15.
Nýskr.10/2010, ekinn 155 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 4.790 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 370386

RENAULT Megane Expression.
Nýskr.01/2016, ekinn 4 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 3.190 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 192334

RENAULT Captur Dynamic.
Nýskr.08/2015, ekinn 19 þ.km,
dísil, beinskiptur.

VERÐ 2.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 192266

LAND ROVER Discovery Sport S.
Nýskr.03/2016, ekinn 42 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 6.250 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 1



Rnr. 370371

Discovery Sport HSE.
Nýskr.07/2015, ekinn 21 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 7.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 1

bilaland

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum frá kl. 12-16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kaupþúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Ítreka mikilvægi öryggis við lyfsölu

VIÐSKIPTI Stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands gagnrýnir kröfu hóps innan Samtaka verslunar og þjónustu sem vill auka frelsi í viðskiptum með ákveðin ólyfseðilsskyld lyf. Í Fréttablaðinu síðastliðinn miðvikudag var greint frá rannsókn hópsins um það hversu mikla aðstoð og ráðgjöf starfsfólk apótekanna veitir viðskiptavinum en í 13 prósentum tilfella var slík ráðgjöf veitt að frumkvæði starfsfólksins.

Hópurinn vill gefa sölu vægra verkjalyfja, kveflyfja, magalyfja og ofnæmislyfja frjálsa svo hægt sé að selja þessi lyf í almennum verslunum en í dag má selja vissar



Í dag verður að geyma öll lyf í verslunum á bak við afgreiðsluborðið.

pakkningar nikótínlyfja og flúors í verslunum með því skilyrði að einungis afgreiðslufólk hafi aðgang að þeim.

Í tilkynningu frá Lyfjafræðinga-

félagi Íslands segir að reynslan hafi sýnt að framkvæmd og sölu og aðgengis þessara lyfja sé ekki í samræmi við þær reglur sem gilda. „Lyf eru viðkvæm vara og strangar reglur gilda um geymslu þeirra hvort sem er í flutningi, í lyfjavörðum eða í apótekum. Hver mun bera ábyrgð á því í almennum verslunum að lyfin séu geymd á réttan hátt?“ segir í tilkynningunni.

Þá segir að öryggi viðskiptavinarins sé aðalatriðið. „Hann á að geta verið öruggur um að fá rétta lyfið við þeim kvilla sem hrjáir hann og svör við þeim spurningum sem kunna að vakna hjá honum.“ – snæ

Tvö hundruð þúsund forða sér vegna flóða

Jarðrof olli skemmdum á yfirfallsrás hæstu stíflu Bandaríkjanna. Mikil úrkoma hefur verið í norðanverðri Kaliforníu í vetur, en miklir þurrkar höfðu hrjád íbúa þar árum saman. Fjöldi hefur þurft að yfirgefa heimili sín vegna hættunnar.

BANDARÍKIN Nærri 190 þúsund manns þurftu að yfirgefa heimili sín í Kaliforníu á sunnudag vegna flóðahættu, þar sem skemmdir höfðu orðið á yfirfallsrás Oroville-stíflunnar.

Vatn streymdi af miklum krafti frá yfirfallsrásinni, en stuttu síðar minnkaði vatnsstreymið verulega. Hættan var þó ekki liðin hjá, því spáð er hvassviðri seinna í vikunni og þá má búast við flóðum.

Ekki er ljóst hvenær fólkið getur snúið aftur til síns heima en yfirvöld segja að erfitt verði að gera við yfirfallsrásina.

Stíflan er nærri hálfra aldar gömul og 235 metrar á hæð, sú hæsta í Bandaríkjunum, og uppistöðulón hennar, Oroville-vatnið, er eitt af stærstu manngerðu stöðuvötnum í Kaliforníu.

Engin hætta er á því að stíflan sjálf bresti, hins vegar getur vatn flætt í stórum stíl yfir stíflubrúnina ef yfirfallsrásin virkar ekki eins og skyldi. Enn meiri hætta er þó á því að yfirfallsrásin skemmist enn frekar sem þýddi að mikill vatnsflaumur streymdi þaðan út og niður yfir byggðina fyrir neðan.

„Bresti yfirfallsrásin mun vatnsflóð streyma stjórnlaust niður frá Oroville-vatni,“ segir í tilkynningu til íbúa frá stjórnvöldum.

Jerry Brown, ríkisstjóri í Kaliforníu, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagði aðstæður þarna vera flóknar og að þær geti breyst hratt. Allur tiltækur mannaflí og búnaður hafi verið sendur til þess að takast á við vandann.

Þá hefur þjóðvegum neðan stíflunnar verið lokað og umferðinni beint annað.

Skemmdin á yfirfallsrásinni stafar af jarðrofi sem varð skyndilega fyrir nokkrum dögum, með þeim afleiðingum að hluti rásarinnar brast og stórt gat myndaðist á henni.

Í nágrenninu býr fjöldi fólks og öll sú byggð er í verulegri hættu ef illa fer.



Vatnflaumurinn streymir úr skemmdri yfirfallsrás Oroville-stíflunnar í Kaliforníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Mikil umskipti hafa orðið í Kaliforníu þennan veturinn, því eftir mikla þurrka árum saman hefur úrkoma skyndilega orðið með allra mesta móti, bæði regn og snjókomu.

Úrkoman hefur þó verið mest í norðanverðri Kaliforníu. Sunnan til eru enn þurrkar, en þó ekki eins alvarlegir og verið hefur undanfarin misseri. gudsteinn@frettabladid.is

Kol og kjarnorka í útflutningsbókhaldið

UMHVERFISMÁL Kolefnisfótspor íslenskrar framleiðslu hefur aukist eftir að íslensk orkufyrirtæki hófu að selja svokallaðar upprunaábyrgðir á grænni íslenskri orku úr landi.

„Nú eru einstaka kaupendur farnir að kalla eftir kolefnisfótspori vörunnar og hafa sum fyrirtæki, líkt og HB Grandi, hafið skráningu á loftslagsbókhaldi,“ segir Garðar Svavarsson, framkvæmdastjóri upp-sjávarviðs HB Grandi. „Afleiðingar

sölu upprunaábyrgða úr landi eru þær að íslensk fyrirtæki þurfa þá að skrá kjarnorku og kol í bókhald sitt.“

Íslensk orkufyrirtæki hófu þátttöku í kerfi með upprunaábyrgðir árið 2011. Stærstu orkufyrirtækin hafa fengið útgefna upprunaábyrgðir hjá Landsneti og hafa þær að langstærstum hluta verið seldar kaupendum utan Íslands. Hins vegar er vitað að kaupendur upprunaábyrgða erlendis nýta sér ekki orkuna.

Hér á landi er nærri allt rafmagn á ársgrundvelli framleitt á umhverfisvænan hátt og er Ísland leiðandi í heiminum þegar kemur að grænni orku. Fyrirtæki hérlendis nýta þessa grænu orku en þurfa að bókfæra kol og kjarnorku. „Þetta hefur vakið undrun okkar sem kaupenda hreinnar orku. Við skorum á stjórnvöld að koma í veg fyrir sölu á upprunaábyrgðum erlendis og standa þannig vörð um orðspor íslenskra sjávarafurða,“ segir Garðar. – sa



35%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
ORIGAMI SUSHI
Í DAG VALENTÍNUSARDAG

ALLT FYRIR ÁSTINA



Ekta ítalskur

599 kr/pk
verð áður 799



La Gelateria

Frábær ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glerglösum.

499 kr/pk



Joe & Seph's

Joe & Seph's sælkeravörur

Ólýsanlega góðar karamellusúrur og popp húðað karamellu, súkkulaði eða Cheddar. Finndu þitt uppáhalds!

849 kr/stk



Atlanta Cheesecake

Hágæða ostakökur beint frá USA.

Blómin fást í Hagkaup



Nýtt í Hagkaup



599 kr/stk

Kjörís Mjúkis

Karamella & cappuccino, heslihnetur & súkkulaði og súkkulaði & smákökudeig.



799 kr/pk

Jarðarber í hjartalaga öskju

LABEYRIE

999 kr/pk



Labeyrie

Franskar makkarónur. 12 stk.

Gildir 14. febrúar á meðan birgðir endast.

TILBOÐ

40%

afsláttur á kassa af öllu Hamlet konfektí

HAMLET KONFEKT - EKTA BELGÍSKT SÚKKULAÐI



HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2017

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn þriðjudaginn 21. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS


- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Önnur mál

Sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum.
Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 26. janúar 2017
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is | www.live.is



Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra var íbygginn við kynningu skýrslunnar enda er ljóst að verkefni hennar næstu árin risavaxið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skýrsla er ákall um aðgerðir

Tafarlausar aðgerðir eru forsenda þess að Ísland geti staðið við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá HÍ.

UMHVERFISMÁL Ekki er mögulegt að ná fram þeim samdrætti í útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem Íslendingar hafa skuldbundið sig til samkvæmt Parísarsamkomulaginu nema undanskilja losun frá stóriðju – en sú losun fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir og telst ekki með. Ljóst er að möguleikar Íslands eru miklir þegar kemur að samdrætti í útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um möguleika Íslands til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti var kynnt í gær. Skýrslan er unnin að beiðni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til að byggja undir stefnumótun í loftslagsmálum, líkt og áþekkt skýrsla frá árinu 2009 sem lá áætlun Íslands til grundvallar um að standa við skuldbindingar til ársins 2020 samkvæmt ákvæðum Kýótóbóknarinnar.

„Það er ekki endilega svo, vegna þess að stóriðjan er ekki inni í skuldbindingum okkar gagnvart Parísarsamkomulaginu,“ segir Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands, spurð hvort sú tilfinning sé rétt að skýrslan sé svört og opinberi að stada Íslands í loftslagsmálum sé slæm. „Ef við horfum á þetta með þeim gleraugum þá er þetta vel gerlegt. En þetta væri mjög þungur ródur ef sú væri ekki raunin og losun stóriðju teldi,“ segir Brynhildur og jatar því að í skýrslunni felist ákall til stjórnvalda um að taka myndarlega til hendinni í málaflökknum – og það strax. Eins segir Brynhildur að forsendur skýrslunnar verði að skoðast með tilliti til þess hversu mikið binding kolefnis mun telja í útreikningum framtíðarinnar – líklega verði sett þak á það, en sóknarfæri Íslands eru nokkuð mikil í skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. „Það eru aðgerðir í hverjum ein-

Aukning allt að 99%

- Spáð er aukningu í losun um 53-99% til 2030 miðað við 1990.
- Ef kolefnisbinding með skógrækt og landgræðslu er tekin með er aukningin heldur minni, eða 33-79%.
- Greindar voru 30 mótægisaðgerðir með tilliti til kostnaðar og ábata. Sumir kostir eru dýrir, aðrir kosta tiltölulega lítið og sumir skila jafnvel fjárhagslegum nettóábata.
- Að óbreyttu stefnir í að Ísland standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til 2030, en slíkt er hins vegar mögulegt ef gripið verður til fjölbreyttra mótægisaðgerða.
- 40% lægri nettólosun 2030 en útstreymi ársins 1990 er landsmarkmið Íslands samkvæmt Parísarsamkomulaginu.

asta geira sem hægt er að ráðast í og eru tæknilega mögulegar í dag. Nema í stóriðjunni, það er að segja,“ segir Brynhildur. „Það er líka áhuga-vert að marga þessara aðgerða geta skilað þjóðhagslegum ábata þegar horft er til lengri tíma. Þetta er eins og með hitaveituvæðinguna sem var dýr – en það má líta rafbilavæðingu sömu augum.“

Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, tók á kynningarfundinum af allan vafa um metnað sinn til að taka til hendinni. Hún ætlar að skila skýrslu til Alþingis strax í þessum mánuði þar sem fullt tillit verður tekið til úttektar Hagfræðistofnunar, sem er mikil að vöxtum. Hún vísaði í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem segir að gerð verði aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamkomulagið og að áætlunin feli meðal annars í sér græna hvata, skógrækt, landgræðslu og orkuskipti í samgöngum.

svavar@frettabladid.is

MORGUNVERÐARFUNDUR

Er erlend fjárfesting á Íslandi blessun eða böll?



Miðvikudaginn 15. febrúar á Grand Hótel kl. 8.30-10.00

Samtök iðnaðarins, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins boða til fundar um erlenda fjárfestingu á Íslandi.

Ávarp ráðherra

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Hvað finnst Íslendingum um erlenda fjárfestingu á Íslandi?

Þóra Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Maskínu

Er eftirsóknarvert að vera eyland?

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

Alþjóðavæðing í báðar áttir

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI

Umræður:

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA
Lilja Alfreðsdóttir, alþingismaður
Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður fjárfestingarsviðs Íslandsstofu

Fundarstjóri: Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI

➔ Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA: www.sa.is



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND





LÍFIÐ ER FERÐALAG

Njóttu þess af öryggi í Volvo V40 Cross Country. Frábær sæti, auðvelt aðgengi og mikil veghæð gerir aksturinn auðveldan allan ársins hring. Silkimjúk sjálfskipting og sparneytin vél minnka eyðslu og draga úr mengun. Mátáðu þig við fágað útlitið og hlýja innréttinguna sem umvefur þig af öryggi. Volvo öryggi.

BORGARÖRYGGI (CITY SAFETY)
BLUETOOTH GSM SÍMKERFI
START/STOP KERFI
SJÖ LOFTPÚÐAR
HIGH PERFORMANCE HLJÓMTÆKI OG 8 HÁTALARAR
VERÐ FRÁ 4.290.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
VOLVO V40 CROSS COUNTRY

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináherla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfirningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg

Bíldshöfða 6
110 Reykjavík

515 7000
volvocars.is

SKOÐUN

Vegatollar



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Jón Gunnarsson samgönguráðherra greindi frá því í þættinum Víglinunni á Stöð 2 á laugardag að í ráðuneyti hans væri unnið að áætlun um stórtækar samgönguúrætur. Nefndi hann fjölda vega í því sambandi og upplýsti um leið að samhliða þessu væri til skoðunar að fjármagna framkvæmdir að hluta með gjaldtöku á vegum.

Fjárfesting ríkisins í vegakerfinu hefur frá hrúni verið á bilinu 0,8-1,2 prósent af landsframleiðslu meðan sögulegt meðaltal er um 2 prósent. Samkvæmt tölum sem birtust á síðasta ári kostar um 100 milljarða króna að koma vegum landsins í ásættanlegt horf. Bara þannig að þeir séu viðunandi. Þessi fjárfestingarþörf í vegakerfinu er staðreynd á sama tíma og staðan á ríkissjóði er brothætt og viðkvæm. Ríkisskuldur hafa kerfisbundnið verið niðurgreiddar á síðustu árum til að skapa svigrúm til innviðafjárfestingar en mikið verk er unnið ennþá.

Vegatollar sem leið til að fjármagna samgönguframkvæmdir er aðferð sem notuð er úti um allan heim og hefur gefið góða raun hér á landi og annars staðar. Hvalfjarðargöngin eru nærtækasta dæmið. Meira að segja á Kúbu þar sem er hreint sósíalískt hagkerfi eru vegatollar við lýði. Hér má nefna sérstök hlið við veginn að strandbænum Varadero.

Ef fjármagna á vegi frá höfuðborgarsvæðinu með vegatollum eru nokkur atriði sem þarf að hafa hugföst til að tryggja að vegatollar nái því markmiði sem að er stefnt og að framkvæmd þeirra og útfærsla verði gerð í sátt. Í fyrsta lagi er mikilvægt að íbúar sveitarfélaga á landsbyggðinni sem þurfa atvinnu sinnar vegna að keyra á hverjum morgni til höfuðborgarsvæðisins fái afslátt eða niðurfellingu á gjaldinu. Ef farin verður sú leið að tvöfalda Suðurlandsveg er ekki sanngjarnt eða forsvaranlegt að íbúar á Selfossi, svo dæmi sé tekið, þurfi að greiða gjald tvisvar á dag til þess eins að komast í vinnuna. Þetta má leysa með útgáfu skirteinis á grundvelli lögheimilisskráningar. Í öðru lagi þarf við útfærslu vegatollanna að sjá til þess að þeir sem vilji ekki greiða gjaldið um hinn nýja veg eigi annan valkost til að komast leiðar sinnar líkt og var uppi á teningnum þegar Hvalfjarðargöng voru önuð. Þá höfðu ökumenn valkost, sem þeir hafa raunar enn, um að keyra gamla veginn um Hvalfjörðinn ef þeir kærðu sig ekki um að greiða gjaldið í göngunum. Raunin varð auðvitað sú að yfirgnæfandi meirihluti ökumanna keyrir í gegnum göngin gegn vægu gjaldi.

Í þriðja lagi þarf að búa svo um hnútana að arðsemi vegna verkefnisins verði hófleg þannig að hagsmunir annars vegar ríkisins sem verkkaupa og almennings sem notar vegina og hins vegar lífeyrissjóða, svo dæmi sé tekið, sem verktaka mætist á miðri leið. Tilgangurinn með vegatollum er að auðvelda fjármögnun á uppbyggingu vegakerfisins þar sem uppsöfnuð fjárfestingarþörf er 100 milljarðar króna og svigrúm ríkisins til útgjalda er takmarkað. Tilgangurinn er ekki að fjölga fjárfestingarkostum eða búa til peninga fyrir menn í jakkafötum hvort sem þeir eru fulltrúar lífeyrissjóða eða annarra fjárfesta.



Vegatollar sem leið til að fjármagna samgönguframkvæmdir er aðferð sem notuð er úti um allan heim og hefur gefið góða raun hér á landi og annars staðar.

Halldór



Frá degi til dags

Flækjan

Þegar ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar var mynduð höfðu menn áhyggjur af því að ríkisstjórnarmeirihlutinn væri of naumur. Einungis einn þingmaður. Það var ekki síst Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sem lýsti þessum áhyggjum opinberlega. Nú þegar einungis rúmur mánuður er liðinn frá myndun stjórnarinnar er strax farið að glitta í þingmál um jafnlaunavottun sem gæti valdið titringi. Þótt málið hafi verið í stjórnarsáttmálanum hafa tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lýst efasemdum um málið og einn ráðherra segir ekki forsendur til að fullyrða neitt um launamun kynjanna. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig leyst verður úr flækjunni.

Viðbrögð Óla

Meira af þessu. Það vakti athygli þegar Eygló Harðardóttir, þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra, ákvað að sitja hjá í atkvæðagreiðslu um fjármálaáætlun og fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar á Alþingi í ágúst síðastliðnum. Sagði Óli Björn Kárasón, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, að ráðherra sem styður ekki ríkisstjórnarmál hafi tekið ákvörðun um uppsögn sína. Nú er spurning hvernig Óli Björn bregst við ef Sigríður Andersen dómsmálaráðherra sér ekki færi á að styðja frumvarp félagsmálaráðherra um jafnlaunavottun. jonhakon@frettabladid.is

Svart laxeldi



Bubbi Morthens
tónlistarmaður

Hvers vegna ráða eldismenn fyrrverandi þingmann og forseta Alþingis sem talsmann sinn? Eg held ég viti svarið. Þetta er þungavigtarmaður, klár og duglegur maður úr innsta valdakjarna Sjálfstæðisflokksins sem hefur aðgang að öllu sem þarf að hafa aðgang að. Þetta er skiljanlegt og hefðbundið val ef þannig má taka til orða þegar menn vilja tryggja sér aðgang að því sem skiptir máli. Við sem viljum vernda íslenska laxastofninn höfum ekki þennan aðgang að kerfinu sem eldismenn virðast nú þegar hafa.

Hvað má og hvað má ekki?

Það er sorglegt til þess að vita að Norðmenn geti komið hingað og gert það sem má ekki lengur heima hjá þeim.

Laxeldisfyrirtækið Arctic Sea Farm hefur sent Skipulagsstun matsáætlun vegna 8.000 tonna laxeldis í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. Fyrirtækið vill fá leyfi til að nota norskan laxastofn til ræktunar á Íslandi en slíkt er bannað í Noregi. Lögin þar í landi kveða á um að óheimilt sé að flytja inn eða nota erlenda laxastofna vegna mikillar hættu á erfðamengun.

Svart hér en grænt í Noregi

Norway Royal Salmon hefur nú þegar yfir að ráða 10 grænum eldisleyfum heima fyrir en slíkt leyfi eru háð þeim skilyrðum að eingöngu má nota geldfisk til eldis. Hrikalegt ástand laxastofna í Noregi vegna erfðamengunar frá norsku laxeldi hefur leitt til þess að fyrirtæki fá ekki viðbótarleyfi til að ala frjóan lax í norskum fjörðum. Þetta norska fyrirtæki ætlar hins vegar að hagnast á eldi frjórna laxa í sjókvíum hér við land með þekktum afleiðingum fyrir hinn villta íslenska laxastofn. Norway Royal Salmon er tilbúið til að stunda svart eldi hér við land meðan það stundar grænt eldi heima fyrir. Notkun geldstofna ryður sér til rúms í Noregi og ætti að vera skilyrði fyrir því að leyfa norskan lax hér við land.



Það er sorglegt til þess að vita að Norðmenn geti komið hingað og gert það sem má ekki lengur heima hjá þeim.

**KING KOIL
WAREHOUSE
CLEARANCE!**

STÖK DÝNA

King-stærð (193x203 cm)

59.150 kr.

rekkjan

HEILSURÚM

Ráðherra



Kári Stefánsson
forstjóri deCode

*Det var en gammel kone,
som vandrede ofte paa Østerbro;
den gode, gamle kone,
hun havde en malkeko.*

*Det var en gammel jæger;
hans hjerte var koldt; hans sind
var gru.
Den grimme, gamle jæger,
han stjal den gode ko.*

*Du kender gamle sangen;
den klinger sødt; den klinger
strengt.
Den gamle karl og kælling
paa Østerbro blev hængt.*

Þetta ljóð orti Þórbergur Þórðarson þegar hann var með 40 stiga hita og með óráði og kallaði Vilmundur Jónsson landlæknir það skemmtilega vitleysu (úr Bréfi til Láru).

Á fimmtudaginn var birtist í Fréttablaðinu grein eftir dómsmálaráðherra Íslands undir fyrirsögninni Rannsóknarhagsmunir og viðskiptahagsmunir. Í fyrsta lagi er greinin að nokkru viðbrögð við því að ég bauð fram þjónustu Íslenskrar erfðagreiningar til þess að rýna í lífsýni fyrir lögregluna, henni að kostnaðarlausu. Ég bað ekki um að við fengjum að vinna þessa vinnu né sóttist ég eftir því að okkur yrði falið verkið heldur bauðst til þess að við tækjum þetta að okkur vegna þess að það er hafið yfir allan vafa að við gætum gert þetta vel og fljótt. Ég leggst á það áherslu að þvert á móti því sem ráðherra segir í grein sinni þá langar mig ekkert til þess að fá þessar rannsóknir til okkar vegna þess að af þeim hlytist klárlega amstur og líklega nokkur leiðindi, en ég er hins vegar reiðubúinn til þess að sinna þeim ef það þjónar hagsmunum samfélagsins og það þiggur boðið. Í annan stað eru skrif ráðherrans viðbrögð við greiningu minni sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudaginn á röksemdum ráðherrans fyrir því að hafna boði Íslenskrar erfðagreiningar til þess sjá um greiningu lífsýna. Röksemdir hennar voru kostnaður og einhver óskilgreind vandamál sem hún áleit að hlytust af því að vinna þessa vinnu hér heima.

Ég hef eftirfarandi athugasemdir við þrjú atriði úr grein ráðherrans:

1. Dómsmálaráðherra segir að hún vilji að rannsóknarhagsmunir verði ávallt í fyrsta sæti hjá henni þegar kemur að málum eins og þessum og viðskiptahagsmunir muni ávallt látnir víkja. Þessu ber að fagna. Við skulum nú skoða hvernig aðkoma Íslenskrar erfðagreiningar hefði samrýmst þeim markmiðum ráðherrans að hlúa að rannsóknarhagsmunum og forðast viðskipta-

hagsmuni: Sá þáttur í rannsóknum lífsýna í sakamálum sem við buðumst til þess að vinna fyrir lögregluna felst í því að einangra DNA úr lífsýnum af vettvangi glæpa og arfgerðargreina og raðgreina og bera síðan saman raðir níturbasa í DNA úr tveimur eða fleiri lífsýnum og setja raðirnar síðan í víðara samhengi. Í þessu felst galdurinn við notkun lífsýna við rannsóknir glæpa. Íslensk erfðagreining hefur leitt heiminn í um tuttugu ár í þeirri mannfæðing sem felst í því að einangra DNA og arfgerðargreina það og raðgreina og bera saman raðir níturbasa úr hópum manna og setja síðan raðirnar í víðara samhengi. Öll gögn sem unnið er með hjá Íslenskri erfðagreiningu eru undir kennitölum sem hafa verið dulkóðaðar samkvæmt ferli sem er stjórnað af óháðum aðila og Persónuvernd hefur lagt blessun sína yfir. Þar af leiðandi er hjá okkur aðferð og reynsla sem ætti að gera það að verkum að sú staðreynd að allir þekkja alla á Íslandi ætti ekki að flækjast fyrir. Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar er þekktir fyrir öguð og nákvæm vinnubrögð og hugmyndaríkar lausnir á þeim vandamálum sem mæta þeim sem rýna í sameind sem er ábyrg fyrir öllu lífi á jörðu og við köllum DNA.

Vísindamenn frá Svíþjóð, Norgei og Danmörku leita gjarnan í smíðju Íslenskrar erfðagreiningar þegar þeir þurfa á hjálp að halda við rannsóknir af þessu tagi, einfaldlega vegna þess að það er enginn annar aðili á Norðurlöndum sem býr að álíka reynslu, þekkingu og getu. Það er því lítil vafi að það væri betur hlúð að rannsóknarhagsmunum sem ráðherra eru kærir hjá Íslenskri erfðagreiningu en einhvers staðar á sænskri Melrakkasléttu. Síðan eru það viðskiptahagsmunir sem ráðherra gefur í skyn að hann vilji ætíð láta víkja fyrir rannsóknarhagsmunum sem er að mínu mati eðlilegt og rétt hvort sem viðskiptahagsmunir eru mínir eða annarra. Það er staðreynd að fyrirtækið sænska sem lögreglan kaupir núna þjónustuna frá hefur viðskiptahagsmuna að gæta í því hversu nákvæmlega það vinnur vinnuna, hvernig það verðleggur hana og skilar henni af sér. Það er líka staðreynd að Íslensk erfðagreining hefði enga viðskiptahagsmuni af því að vinna þessa vinnu ókeypis fyrir lögregluna. Vinnan væri gjöf fyrirtækisins til þjóðarinnar eins og sú raðgreining sem við höfum verið að gera Landspítalanum að kostnaðarlausu til þess að hjálpa við að greina fágæta sjúkdóma, aðallega hjá ungum börnum og jáeindaskanninn sem verið er að taka í notkun. Það er því ljóst að ein aðferð til þess að forðast viðskiptahagsmunina væri að þiggja boð Íslenskrar erfðagreiningar.

2. Þegar ráðherra tjáir áhyggjur sínar af því að Íslensk erfðagreining geti sagt með nokkurri vissu úr hvaða einstaklingi lífsýni sé án þess að þurfa samanburð eða frekari vitnanna við gætir misskilnings sem mér finnst ekki ólíklegt að ég



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

beri töluverða ábyrgð á með óvarkárra notkun á persónufornafni í fyrstu persónu fleirtölu. Þessi möguleiki býr í þeim gögnum sem eru til staðar hjá Íslenskri erfðagreiningu og víða annars staðar í vísindasamfélaginu en hann er ekki hægt að nýta nema með vilja fólksins í landinu, aðkomu Persónuverndar og leyfi Vísindasiðanefndar. Það sem meira er þá væri það alltaf grafalvarlegt mál að nýta upplýsingar sem var aflað með upplýstu samþykki þátttakenda til þess að vinna rannsóknir í allt öðrum tilgangi. Ráðherra og ég erum sammála um það. Sá möguleiki er jafnvel fyrir hendi að það þyrfti að setja sérstök lög til þess að heimila þetta. Það ber þó að hafa í huga að eini einstaklingurinn sem yrðu borin kennsl á með þessum hætti er sá sem ætti lífsýnið á vettvangi. Það er því af og frá að ætla að þetta hefði neikvæð áhrif á réttindi þátttakendanna í vísindarannsóknum okkar eða ættmenna þeirra í framtíðinni nema ef vera skyldi réttindin til þess að fremja glæp án þess að það kæmist

upp. Ég er nokkuð viss um að ráðherra er sammála mér um að sá réttur sé hvort sem er illa tryggður að íslenskum lögum.

3. Ráðherra klykkir svo út með því að berja sér á brjóst yfir því að hún hafi lagt fram frumvarp til laga á síðasta kjörtímabili um brottfall laga sem veita fjármálaráðherra heimild til þess að veita deCODE genetics inc ríkisábyrgð. Hvers vegna skyldi hún blanda þessu saman við skrif um úrvinnslu lífsýna, spyr kannski lesandinn? Vegna þess að deCODE genetics inc var móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar og hún er að gefa það í skyn að ríkið hafi nú þegar veitt slikt fé eða fjárgildi til félagsins að ekkert sem það kynni að gera í framtíðinni sé eðlilegt að líta á sem ókeypis.

Í fyrsta lagi var það fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem lagði fram frumvarpið og Alþingi sem samþykkti það, ekki Íslensk erfðagreining eða deCODE genetics inc. Í annan stað var ríkisábyrgðin aldrei veitt. Sú staðreynd að lögin

voru sett en heimildin aldrei nýtt olli alls konar vandræðum fyrir Íslenska erfðagreiningu og að endingu töluverðu fjártjóni. Það má því leiða að því rök að ef boði okkar um vinnslu lífsýna án endurgjalds sé stillt upp við hliðina á lögnum um ríkisábyrgð væri það enn meira ókeypis en ella. Það er hins vegar ekki laust við að frumvarpið sem Sigríður Á. Andersen lagði fram á síðasta kjörtímabili um brottfall ríkisábyrgðarlagna sé athyglisvert og nálgist að vera það sem Vilmundur Jónsson kallaði skemmtilega vitleysu. Það hefði í það minnsta verið skiljanlegra ef hún hefði skrifað það með 40 stiga hita og með óráði. Það vill nefnilega svo til að þegar hún lagði fram frumvarpið voru lögin um ríkisábyrgðina þegar fallin ómerk vegna þess að heimildin í þeim takmarkaðist við deCODE genetics inc sem var ekki lengur til. Þetta frumvarp er nokkurs konar ígildi handtökuheimildar á látinn mann. Ríkisábyrgðina hefði einungis verið hægt að veita í gegnum miðil.

Breyting á landnotkunar-skilmálum miðborgarinnar

Opinn kynningarfundur um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Fundurinn er haldinn í Borgartúni 12–14, 7. hæð, fimmtudaginn 16. febrúar, kl. 17–18.30.



Dagskrá:

Gildandi stefna um gististaði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030.

Hvaða atriði stefunnar eru til endurskoðunar?

Tillaga að breytingum á landnotkunar-skilmálum í miðborginni á svæði M1a.

Greining á núverandi stöðu og mögulegar leiðir til að takmarka fjölgun gististaða.

Allir velkomnir



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Einstakt tækifæri

Fyrir menn með staðgóða þekkingu á tölvum.

Um er að ræða brásnjalla nýja hugmynd innan tölvuheimsins.

Vinsamlega sendið bréf til mín. Enga ritgerð eingöngu að þú viljir kynna þér hugmyndina.

Bjögvin Ómar Ólafsson
Funsógar 6, 810 Hveragerði.

Reykjavíkarmeistaratitill númer 22



Bikarinn á loft Bjarni Ólafur Eiríksson, fyrirliði Vals, lyftir Reykjavíkurbikarnum eftir 1-0 sigur á Fjölni í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins í Egilshöll í gærkvöldi. Eina mark leiksins var sjálfsmark. Þetta er í 22. sinn sem Valsmenn verða Reykjavíkarmeistarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Byrjar aftur með látum

Meistaradeild Evrópu í fótbolta fer aftur af stað í kvöld eftir ríflega tveggja mánaða pásu. Útsláttarkeppnin fer svo sannarlega af stað með krafti því í kvöld mætast PSG og Barcelona og á morgun Arsenal og Bayern.

FÓTBOLTI Meistaradeild Evrópu í fótbolta lædist nú aftan að spark-áhugamönnum en það gerir hún með látum. Sextán liða úrslitin fara af stað í kvöld en tvær stærstu víður-eignir fyrstu umferðar útsláttarkeppninnar eru báðar í þessari viku.

Í kvöld eigast við Frakklandsmeistarar Paris Saint-Germain og Spánarmeistarar Barcelona en bæði lið eru í miklu stuði heima fyrir og hafa ekki tapað leik í langan tíma.

Annað kvöld fær Arsenal svo Bayern München í heimsókn í fyrri leik liðanna. Enn eina ferðina þarf Arsenal að kljást við einn af risum Evrópu strax í fyrstu umferð en sex ár eru síðan liðið komst lengra en í 16 liða úrslit.

Meistarar í öðru sæti

Stemningin í París er mikil fyrir stórleik PSG og Barcelona en þjálfari liðsins, Unai Emery, hefur talað mikið um leikinn á síðustu blaðamannafundum. Emery gerði Sevilla að Evrópudeildarmeisturum síðustu þrjú ár en hefur sjálfur víðurkennt að víðureign eins og þessi, í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar á móti einu allra stærsta liði heims, sé einmitt ástæðan fyrir því að hann tók við starfinu hjá Paris Saint-Germain.

Bæði lið eru sjóðheit heima fyrir. PSG er búið að vinna ellefu af síðustu tólf leikjum og er enn á lífi í báðum bikarkeppnum í Frakklandi. Lærisveinar Emery nálgast toppsætið óðfluga en þeir eru nú aðeins þremur stigum á eftir Monaco þegar nóg er eftir af deildinni og er liðið mjög líklegt til



Kveður Wenger enn eina ferðina í 16 liða úrslitum? FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

6 ár í röð hefur Arsenal verið slegið út í 16 liða úrslitum.

að vinna titilinn fimmta árið í röð.

Barcelona er einnig í öðru sæti spænsku 1. deildarinnar þar sem Real Madrid er í kjörstöðu á toppnum. Börsungar eru komnir í úrslitaleik spænska Konungsbikarsins og eru búnir að vinna átta af síðustu ellefu leikjum og ekki tapa einum einasta.

Þessi lið mættust síðast í útsláttarkeppninni fyrir tveimur árum, þá í átta liða úrslitum. Þar hafði Barce-

lona betur, nokkuð auðveldlega, 5-1, eftir 3-1 sigur í París og 2-0 sigur á heimavelli. Neymar skoraði þrjú af fimm mörkum Barcelona í einviginu en hann hefur ekki verið með markaskóna reimaða fasta á þessari leiktíð.

Thiago Silva, miðvörður og fyrirliði PSG, sneri aftur eftir meiðslum um helgina og ætti að byrja leikinn sem eru góðar fréttir fyrir PSG.

Sjö ár í röð hjá Skyttunum?

Það verður seint sagt að Arsenal hafi verið heppið með drátt í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar undanfarin ár. Það er búið að falla úr keppni á þessu stigi keppninnar sex ár í röð en í fjögur af þessum sex skiptum hefur liðið annaðhvort mætt stórveldunum Barcelona eða

Bayern München. Nú er það Bayern í þriðja sinn á síðustu sjö árum.

Það þýðir þó lítið að gráta það enda þurfa allir að vinna þá bestu til að fagna sigri í Meistaradeildinni. Arsenal tapaði líka fyrir Monaco fyrir tveimur árum þegar það átti að vera stóra liðið og þá töpuðu skyttur Wengers fyrir AC Milan fyrir fimm árum. Þar tapaði Arsenal fyrri leiknum 4-0 en var ekki langt frá því að koma til baka á Emiratesvöllinum þar sem það vann leikinn, 3-0. Það var ekki nóg.

Alltaf með en enginn árangur

Arsene Wenger hefur stýrt Arsenal í 21 ár og nú komið liðinu í Meistaradeildina 19 sinnum í röð. Hann hefur fengið mikið lof fyrir það og margir stuðningsmenn Lundúnaliðsins verja hann einmitt vegna þess að liðið er fastagestur í Meistaradeildinni sem er djúpur tekjubrunnur.

Árangur Wengers í Meistaradeildinni er lítill sem enginn. Liðið hefur ekki komist upp úr 16 liða úrslitunum sex ár í röð og ekki komist í undanúrslit síðan 2009 þegar það tapaði fyrir Manchester United, 4-1 samanlagt. Það er aðeins í annað af tveimur skiptum sem Arsenal komst í undanúrslit. Í hitt skiptið unnu skyttur og fóru alla leið í úrslitin þar sem liðið tapaði fyrir Barcelona.

Arsene Wenger hefur aldrei á ferli sínum unnið Evróputitil og leiðin verður ströng að þessu sinni. Það væri bara ágætis byrjun fyrir Frakkann að koma sínum mönnum í átta liða úrslitin. tomas@365.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Bournem. - Man. City 0-2

0-1 Raheem Sterling (29.), 0-2 Tyrone Mings, sjálfsmark (69.).

Efst	Neðst	
Chelsea 60	M'Brough 22	
Man. City 52	Leicester 21	
Tottenham 50	Hull 20	
Arsenal 50	C. Palace 19	
Liverpool 49	Sunderland 19	

MÖGULEIKI Á GRANNASLAG

Dregið var í undanúrslit í Coca-Cola-bikarnum í handbolta í gær. Möguleiki er á Hafnarfjarðarslag í úrslitum í karlaflokki en FH og Haukar drögust ekki saman í undanúrslitunum. FH mætir bikarmeisturum Vals en Haukar mæta Aftureldingu. Í kvennaflokki mæta bikarmeistarar Stjórnunnar Selfossi. Haukar og Fram eigast svo við í hinum undanúrslitaleiknum. Undanúrslitin í kvennaflokki fara fram fimmtudaginn 23. febrúar. Karlaaleikirnir eru daginn eftir. Úrslitaleikirnir fara svo fram laugardaginn 25. febrúar. Allir leikirnir verða í Laugardalshöllinni.



Guðni Bergs: Atvinnu- maður á Englandi í 20 ár. Verður lögmáður á meðan. Bjargar mannlífi. Verður formaður KSÍ. Fin ferilskrá. Forseti næst?.

Guðmundur Reynir Gunnarsson
[@mummi21](https://twitter.com/mummi21)

GUÐRÚN KARÍTAS Í KR

Guðrún Karítas Sigurðardóttir, sem var valin efnilegasti leikmaður Pepsi-deildar kvenna 2014, er gengin í raðir KR frá Stjórnunni. Guðrún er uppalinn hjá ÍA en hefur verið í herbúðum Stjórnunnar undanfarin tvö ár. Hún varð Íslandsmeistari með Stjórnunni í fyrri og bikarmeistari árið á undan. KR, sem endaði í 7. sæti Pepsi-deildarinnar í fyrri, hefur blásið í herlúðra í vetur og fengið marga sterka leikmenn til liðs við sig, m.a. landsliðskonurnar Hólmfríði Magnúsdóttur og Katrínu Ómarsdóttur.

FREYDÍS HALLA FÓR ÁFRAM

Freydís Halla Einarsdóttir komst áfram upp úr undankeppninni í stórvígi kvenna á HM í alpagreinum sem fer fram í St. Moritz í Sviss. Freydís Halla var með niunda besta tímamann í undankeppninni en 25 af 74 keppendum komust áfram. Hún var samanlagt með tímamann 2:01,14 mínútur. Freydís Halla keppir í úrslitum á fimmtudagsmorguninn. Andrea Björk Birkisdóttir tók einnig þátt í undankeppninni og lenti í 30. sæti á tímanum 2:08,22 mínútum. Hún komst ekki áfram í úrslit.



Í dag

19.30 PSG - Barcelona Sport 2
19.30 Benfica - Dortmund Sport
21.45 Meistaramörkin Sport

VANDAMÁLIÐ HORFIÐ EFTIR MÁNUÐ

Artasan kynnis Ginger, Turmeric & Bromelain frá Natures Aid er mögnuð blanda sem byggð er á árpúsunda gömlum austurlenskum lækningahefðum. Hún getur reynst vel við ýmiss konar bólgum og er afar góð fyrir meltinguna.

Engiferrót hefur í árpúsundir verið notuð í lækningaskyni í Kína við margs konar kvillum. Turmeríkrótin er náskyld engiferi og er notuð í bæði kínverskum og indverskum náttúrulækningum. Bromelain er ensím úr ananasplöntunni og hefur bæði góð áhrif á meltingu og bólgur og vísbendingar eru um að það geti haft viðtæk heilsufarsleg áhrif, til góðs.

FANN MUN EFTIR VIKU

Brymur Sveinsson, tækniamaður

„Fyrst þegar Ginger, Turmeric & Bromelain fékk umfjöllun í Fréttablaðinu fannst mér samsetningin í bætiefninu vera áhuga-verð. Ég las mér betur til á netinu og þar sem þær greinar sem ég fann gáfu sömu niðurstöðu ákvað ég að kaupa glas til reynslu. Ástæðan er sú að allt frá unga aldri hafði ég átt við vandamál í öndurnarfærum að stríða sem lýsti sér m.a. í stífluðu nefi. Engin

lausn fannst þrátt fyrir heim-

” Eftir að hafa notað Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið.

Brymur Sveinsson, tækniamaður

sóknir til lækna og sérfræðinga sem skoðuðu mig vandlega. Þeir fundu enga ástæðu. Vandamálið versnaði stöðugt og ég var farinn að nota Otrivin allt upp í fjögur skipti á dag þegar ég var sem verstur. Eftir að hafa notað

Ginger, Turmeric & Bromelain í rúma viku fann ég greinilegan mun á mér og eftir mánuð var vandamálið horfið. Ég gat dregið andann áreynslulaust án hjálparefna í fyrsta skipti síðan á unglingsaldri. Ég hef notað Ginger, Turmeric & Bromelain að staðalri síðan og að mínu mati eru gæði þessa náttúrulyfs eru ótvíræð.“

GOTT GEGN BÓLGUM OG EYKUR BLÓÐFLÆÐI

„Erfitt er í stuttu máli að telja upp kosti þessara efna en þau hafa lengi verið notuð innan óhefðbundinna lækn-

ÖFLUGT OG Á ÓTRÚLEGU VERÐI



Brymur hefur glímt við nefstíflu frá unglingsaldri. Eftir að hann fór að taka Ginger, Turmeric & Bromelain er vandamálið úr sögunni. MYND/EYÞÓR



” Nefstíflur úr sögunni eftir að ég fór að taka Ginger, Turmeric & Bromelain

áhrif á ónæmiskerfið. Bromelain er síðan græðandi og hefur góð áhrif á meltinguna. Segja má að þetta ensím fullkomni þessa jurta-blöndu,“ segir Hrönn Hjálmarisdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

HVAÐ ER BROMELAIN

Bromelain er að sögn Hrannar ensím úr ananasplöntunni en þetta ensím brýtur niður prótein og getur því nýst fólki með meltingarvandamál, rétt eins og meltingarensím. „Þá er bromelain notað til að draga úr bólgum en það hefur hjálpað fólki með liðverki og liðagigt. Vísbendingar eru um að það hafi góð áhrif á frjókornaofnæmi, vandamál í ennis- og kinnholum, magabólgur eða magasár og niðurgang en það þarfnast þó fleiri rannsókna.“

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

inga og eru mikið notuð í hinum indversku Ayurveda-fræðum við verkjum og bólgum vegna meiðsla, slits og tognunar svo dæmi séu nefnd. Kúrkúmín sem er virka efnið í túrmerík hefur einstök andoxunaráhrif, verndar liðina, minnkar magn histamíns og eykur náttúrulega framleiðslu kortisóns sem hefur bólgueyðandi áhrif. Engifer er blóðþynnandi og er mjög gott fyrir blóðflæði. Einnig getur það dregið úr bólgum, jafnað blóðsykur og minnkað ógleði ásamt því að hafa jákvæð



dr.organic®

Lífrænar húðvörur

Við bjóðum upp á kynningu miðvikudaginn 15. febrúar kl. 15:00-18:00

25%
kynningarafsláttur
í febrúar



Apótek
Garðabæjar

ÁST Í UPPHÆÐUM

Ástin verður ekki mæld í peningum en Valentínusardaginn er hins vegar hægt að mæla í upphæðum.

Bandaríkjamenn eyða 18,6 milljörðum dala þegar þeir halda upp á Valentínusardaginn. Þar af fer rúmur einn og hálfur milljarður í sælgæti, tæpir tveir í blóm og 4,4 milljörðum er eytt í demanta, gull og silfur. 224 milljónir rósa eru ræktaðar sérstaklega til að selja á Valentínusardag.

Rauðir rósavendir og hjartalaga konfektkassar eru sígildar Valentínusargjafir og einnig má nefna skartgrip og ilmvötn eða rakspira.



VILTU VERA VALENTÍNUSINN MINN?

Uppruna Valentínusarkortanna má rekja til þess miðaldasiðar að syngja eða kveða til ástarinnar sinnar á þessum ástarinnar degi.

Elsta ritaða Valentínusarkortið er eftir franskan hertoga sem var lokaður inni í Tower of London árið 1415 og stytta sér stundir með því að yrkja ástarljóð til konunnar sinnar. Elsta Valentínusarkortið sem ritað var á enska tungu sendi kona að nafni Margrey Brews ótrúum elskhuga árið 1477. Um aldamótin níttján hundruð var sá siður að senda Valentínusarkort mjög algengur í Bretlandi og hafði teygt sig vestur um haf þar sem sagan hófst fyrir alvöru. Kortin eru aðallega send milli elskenda en einnig til að sýna áhuga og síðustu áratugi hefur færst í vöxt að lýsa með þeim almennri væntumþykju. Í dag, Valentínusardag, er áætlað að 145 milljónir Valentínusarkorta hafi verið sendar með póstinum í Bandaríkjunum en mun fleiri afhent í eigin persónu. Efni kortanna er gjarna að biðja einhvern að vera „Valentínusinn“ sinn sem getur bæði merkt kærasti eða kærasta en líka sá sem viðkomandi þykir vænt um og langar að dekra við.



GERRY WEBER - TAIFUN

Nýjar sendingar á frábæru verði
(Sömu verð og á hinum Norðurlöndunum)



Fylgdu okkur á facebook.com/laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422



Gísli Guðlaugsson hannaði frumgerð eyrnatappa til notkunar við lyfjagjöf vegna bráðrar miðeyrnabólgu. MYND/EYÞÓR

EYRNATAPPAR TIL LYFJAGJAFNA

Gísli Guðlaugsson kynnti nýverið meistaraverkefni sitt við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands. Verkefnið snerist um að hanna og framleiða frumgerð eyrnatappa til notkunar við lyfjagjöf vegna bráðrar miðeyrnabólgu.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Gísli tók þátt í verkefni sem unnið hefur verið að í nokkurn tíma og miðar að því að þróa nýtt meðferðarúrræði við bráðri miðeyrnabólgu sem er æði algeng meðal ungra barna. „Hingað til hefur algengasta meðferðarúrræðið verið að nota sýklalyf en slíkt er ekki æskilegt enda fer sýklalyfjafjónæmi vaxandi í heiminum,“ útskýrir Gísli sem fékk það hlutverk að hanna eyrnatappa sem hægt yrði að nota til að koma lyfinu, sem hefur að geyma innihaldsefni úr ilmklarnaolíu, týmóli, inn að miðeyra barna, en týmól er aðalinnihaldsefnið í timjanolíu og hefur breiða bakteríudrepandi virkni.

„Vinnan við eyrnatappann fór

af stað í haust. Þá kom ég fram með hugmyndir að hönnun og eftir það hófst vinna við að búa til frumgerðina.“ Gísli hannaði eyrnatappa með þremur hettum með opi í miðju. Hönnuð voru lítil hylki með týmól-lyfinu í og á að setja þau í op eyrnatappans. „Mikilvægast er að tappinn nái að loka eyrnagöngunum alveg því lyfið virkar þannig að það gufar upp og smýgur í gegnum hljóðhimnuna og inn í miðeyrað. Því er mikilvægt að lyfið leki ekki út úr eyrnagöngunum.“

Ein helsta áskorunin var stærð tappans. „Ég þurfti að hanna hann fyrir lítil börn upp í tveggja, þriggja ára aldur og þurfti því fyrst og fremst að huga að því að tappinn myndi passa inn í eyrnagöngin. Einnig var áskorun að búa til nógu endingargóða frumgerð sem hægt væri að gera tilraunir

með,“ segir Gísli en frumgerðirnar eru úr mjúku og sveigjanlegu silíkonu. „Ég prófaði nokkur mismunandi efni en þetta kom best út,“ segir hann. Eyrnatappann hannaði hann í tölvu. Út frá því teiknaði hann mót sem var síðan þrívíddarprentað. Að lokum var silíkonu sprautað í mótið.

Gísli framleiddi eyrnatappa í fjórum stærðum og að minnsta kosti fimm í hverri stærð. Framkvæmd var áhættugreining til að meta hönnunina og koma auga á hugsanlegar hættur sem fylgja notkun eyrnatappans. Niðurstöður áhættugreiningarinnar bentu til þess að hönnuninni fylgdi ekki mikil áhætta og að auðvelt væri að draga úr henni.

Gísli hefur nú afhent frumgerðirnar og munu aðrir sjá um að rannsaka frekar samhangandi virkni þeirra og lyfsins.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.


ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351
Starrí Freyr Jónsson, starr@365.is, s. 512 5358 | Vera Einaradóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

ALLT INNIFALIÐ

MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM
PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
SETTAN UPP TÍMANLEGA FYRIR SUMARIÐ




NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
346.100



NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
276.600



NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
408.900



NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
402.900



NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
482.900



NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
442.900



NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
451.900



NR. 115
VERÐ KR. 369.420
532.900



NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
462.900



NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
552.900

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.



BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



Hjartalaga pönnur eru klassík sem getur ekki klikað.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI


Hafðu samband
info@husavidgerdir.is
Sími 565-7070



GLAMOUR.is



Allt það
helsta úr *heimi*
TÍSKUNNAR
á einum stað
GLAMOUR.IS



REDDINGAR UNDIR TÍU MÍNÚTUM

Ef þú hélt að það væri bara þreyttur þriðjudagur gætirðu mögulega lent í vandræðum. Gaf makinn þér undarlegt augnatillit í morgun? Eins og þú værir að gleyma einhverju? Í dag er Valentínusardagurinn og þú hefur nákvæmlega fimmtán mínútur til að redda þessu.

SÚKKULAÐIKAKA Í HVÍNANDI HVELLI

Örbylgjumatur þykir kannski ekki smart á tímum þar sem allt á að hægelda í spað en nú þýðir ekkert að fást um það. Fátt á betur við á degi elskenda en súkkulaðikaka og á nokkrum mínútum má baka eina slíka í örbylgjunni. Þessa tekur rétt um fimm mínútu að undirbúa og aðeins tvær mínútur að baka.

- 3 msk. hveiti
- ¼ tsk. kanill
- 2 msk. sykur
- 2 msk. kakó
- ¼ lyftiduft
- 1/8 tsk. salt
- ½ tsk. vanilluextrakt
- ½ stórt egg (brjótið eggjö í skál og hrærið saman, notið svo helminginn af hrærunni)
- 2 msk. matarolíu
- 2 msk. vatn

Demið öllu saman í kaffikrús og hrærið. Hendið krúsinni svo í örbylgjuofninn og bakið á hæsta styrk í tvær mínútur.

Ef heppin er með þér gætu leynst jarðarber eða bláber í ís-skápnunum til að bera fram með kökunni en það gerir líka sama gagn að sneiða niður banana.

ÁSTARPÖNNUR

Hjartalaga pönnur eru klassík sem getur ekki klikað á dögum sem þessum. Það tekur rétt um fimm mínútur að útbúa deigið og nokkrar mínútur að steikja pönnukökuna. Ef gengið er fumlaut til verks ættirðu að ná að steikja 1 til 2 hjartalaga kökur á tíu mínútum.

- 1 bolli hveiti
- 2 msk. sykur
- 2 msk. lyftiduft
- 1 tsk. salt
- 1 egg þeytt
- 1 bolli mjólk
- 2 msk. matarolíu

Fátt á betur við á degi elskenda en súkkulaðikaka.



Kveiktu undir pönnunni. Á meðan hún hitnar skaltu demba þurrefnunum í skál og hræra. Gerðu dæld í miðjuna og helltu í hana mjólk, egg og olíu og hrærdi vel saman. Slettu deiginu á pönnuna og reyndu að móta hjartalaga form.

EGG Í BRAUÐI

Ef bakstur er ekki þín sterka hlið má alltaf redda sér á rist-uðu brauði með tvisti. Skerðu hjarta út úr brauðsneið, með piparkökuformi, hnif eða hreinlega klipptu það út með skærum.


Skelltu brauðsneiðinni á pönnu og steiktu örsnöggt. Snúðu henni svo við og brjóttu egg ofan í hjartalagaða gatið. Á örfáum mínútum er tilbúinn staðgöður og fallegur og viðeigandi morgunverður.



Skerðu hjarta út úr brauðsneið, með piparkökuformi, hnif eða hreinlega klipptu það út með skærum.

sonar[®]
2017

Reykjavík



**Music, Creativity
& Technology**

www.sonarreykjavik.com

Reykjavík

16.17.18 February

aron can, b. traits, ben klock, blawan b2b exos,
de la soul, emmsjé gauti, fatboy slim, fm belfast,
forest swords, giggs, gkr, gusgus, helena hauff,
marie davidson, moderat, nadia rose, oddisee,
sturla atlas, sin fang, sleigh bells, tommy genesis,
samaris and many more www.sonarreykjavik.com

Prír dagar. Fjögur svið. Miðasala á Midi.is

REYKJAVÍK
LOVES
[#reykjavikloves](https://www.instagram.com/reykjavikloves)



LG G5

BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is
S. 567 2000



GOTT VERÐ !!!
Nissan Patrol Elegance 09/2005, er á nýjum 33" nagladekkjum, 7 manna, leður, gott viðhald, gott verð! 1990 Þús!



DODGE DAKOTA
Dodge Dakota SLT Doble/cab 4WD 07/2004 ek 135 þ.km, ny dekk, ny skoðaður 2018, gott eintak, verð 990 þús!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



FORD Escape xlt choice 4wd. Árgæð 2006, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.142102. Tilboð kr: 950.000,-



MERCEDES-BENZ S 500 4matic. Árgæð 2007, ekinn 49 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.991468.



Kia Sorento EX Luxury 2,2 197hó. Árgæð 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.390.000. Rnr.320248. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



LEXUS Rx350 luxury. Árgæð 2006, ekinn 134 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.170135.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Til sölu Toyota Yaris árg 2006. Ekinn 195 þús, beinskíptur, auka dekk á felgum, verð 550 þús stagr. Upplýsingar s:8561109



Nissan Primera vél 2.01 LSX 1998. Skoðaður janúar 2017. Ekin 203 þús. km. Góð vél. Mikil endurnýjað: Bremsur Diskar Spindlar Demparar Heilsársdekk. Billinn er með krók. Verð: 295 þús, himbrimi13@hotmail.com

viðskipti... Barnaheill
Ókeypis afhendingar
hafa áhrif á þér.

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Hjólbarðar



NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppi ný. Vaka s. 5676700

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315

Garðyrkja

Felli tré, grisja og klíppi runna. Besti tíminn. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðafl. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

Símaspá, spái í spil. Tímappantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

fundir / mannfagnaður

AÐALFUNDUR KORPÚLFA, SAMTAKA ELDRI BORGARA Í GRAFARVOGI ÁRIÐ 2016.

Aðalfundur Korpúlfa verður haldinn miðvikudaginn 22. febrúar 2017 kl. 13:00 í Borgum, Spönginni 43, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári 2016.
3. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2016, kynntir og fyrirspurnum svarað.
4. Lagabreytingar og afgreiðsla tillagna.
5. Pakkir til fráfarandi stjórnar og nefndarmanna
6. Uppstillingarnefnd kynnr tillögur sínar að nýjum nefndar og stjórnarmönnum Korpúlfa
7. Kosning stjórnar og nefndarmanna
8. Ný stjórn og 4 nefndir kynntar fundargestum
9. Korpusystkin munu skemmta með söng
10. Upplstur frá menningarnefnd Korpúlfa
11. Önnur mál

Vonumst til að sjá sem allra flesta.
Stjórn Korpúlfa.

Baðviftur

Tilboð frá kr 8.990

Varmaendurnýting

Loftræsting með varmaendurnýtingu

Pakblásarar

Kælar - frystar

Allar stærðir - með eða án vélakerfa

Hitablásari

Tilboð frá kr 89.990

Handþurrkari

2100 wött

Tilboð frá kr 19.990

Hjóðlátur

100 mm

Tilboð frá kr 29.990

Blikkfittings

Rakataeki

35% afsláttur

Loftristar

Mikið úrval!

Loftviftur

Tilboð frá kr 22.900

Loftskipti-blásarar

300 MM

Tilboð án barka kr 34.990

1983 - 2013
30
ára reynsla

viftur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 • ishusid@ishusid.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Illska

*Magnism eírs adit andebit
inctotas enrsimew nienis*



„Þetta er að öllum líkindum ein
mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn
tíma og listamönnunum til mikils sóma.“

B.L. - DV

ATBURÐIR SEM MEGA EKKI GLEYMAST!

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Miðasala | borgarleikhus.is



Bikarmeistararnir 2017. Keflavíkurstelpur á pallinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Spegilmynd af þeim fyrsta

Kvennalið Keflavíkur varð bikarmeistari í körfubolta í fjórtánda sinn á tæpum þremur áratugum um helgina. Liðið í ár var í svipuðum sporum og fyrstu bikarmeistarar Keflavíkur fyrir 29 árum.

KÖRFUBOLTI Bikarmeistaratitillinn var svo sannarlega ekki að fara í fyrsta sinn til Keflavíkur um helgina en allir leikmenn liðsins voru aftur á móti að vinna hann í fyrsta sinn sem leikmenn Keflavíkurlíðsins. Það hafði ekki gerst í næstum því þrjú áratugi en á þessum þremur ótrúlegu áratugum hefur Keflavík unnið 29 stóra titla í kvennaflokki, fimmtán Íslandsmeistararitla og fjórtán bikarmeistararitla.

Öll tólf bikarmeistaralið Keflavíkur frá 1989 til 2013 höfðu innanborðs þrjú eða fleiri leikmenn sem höfðu áður orðið bikarmeistarar með Keflavíkurlíðinu.

Hröð endurnýjun á liðinu

Eftir ótrúlega hraða endurnýjun á Keflavíkurlíðinu síðustu tvö ár var staðan hins vegar sú að liðið skipuðu tólf leikmenn sem aldrei höfðu unnið stóran titil með Keflavíkurlíðinu. Sigurliðið virðist vera í blóðinu hjá Keflavíkurstúlkum sem eru orðnar bikarmeistarar á tímamarki þegar flest önnur félög væru enn í sárnum eftir að hafa misst nær alla reynsluna út úr sínu liði.

Kvennalið Keflavíkur hafði aðeins einu sinni beðið lengur eftir bikartitli síðan sá fyrsti vannst en fjögur ár voru síðan sá síðasti kom í hús árið 2013. Þegar Keflavík beiddi í sjö ár eftir bikarmeistaratitlinum frá 2004 til 2011 voru samt í liðinu þrjú leikmenn sem höfðu áður fengið bikarmeistaragull um hálsinn sem leikmenn Keflavíkurlíðsins. Hið unga lið naut þó góðs af því að þjálfarinn Sverrir Þór Sverrisson var búinn að vinna bikarinn oft áður, bæði sem leikmaður og þjálfari.

Tveir leikmenn Keflavíkur, Erna Hákonardóttir og Salbjörg Ragna Sævarsdóttir, unnu einnig bikarinn með Njarðvík fyrir fimm árum og Erna var líka í leikmannahópi Snæfells þegar liðið vann bikarinn í fyrria. Aðrir leikmenn liðsins voru á eftir sínum fyrsta stóra titli á ferlinum.

Sextán til átján ára stelpur

Þegar Keflavík vann bikarinn í fyrsta sinn 1988 voru í liðinu kornungar stelpur eins og í ár. Stelpur á aldrinum 16 til 18 ára og flestar í mjög stórum hlutverkum en búnar að vinna titla í yngri flokkum árin á undan. Í liðinu í ár eru tvær átján ára stelpur í byrjunarliðinu og tvær sem komu saman með sextán stig inn af bekknum eiga það sameiginlegt að vera yngri en átján ára.

Þjórg Hafsteinsdóttir var sú eina



Meistarakoss. Birna Valgerður Benónýsdóttir og Salbjörg Ragna Sævarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

sem tók þátt í að landa átta fyrstu bikarmeistararitlum Keflavíkurlíðsins frá 1988 til 1997. Hún vann sinn fyrsta titil níttján ára gömul en nú var einmitt dóttir hennar, Thelma Dís Ágústsdóttir, að verða bikarmeistari í fyrsta sinn átján ára gömul. Thelma Dís var í byrjunarliðinu og var með 8 fráköst og 3 stoðsendingar í úrslitaleiknum. Þjórg skoraði 25 stig í úrslitaleiknum fyrir 29 árum.

Á sama aldri og mamma sín

Elínborg Herbertsdóttir, önnur úr fyrsta bikarmeistaraliði Keflavíkur, var aðeins nýorðin sextán ára gömul þegar hún varð bikarmeistari í fyrsta sinn árið 1988 eða jafngömul og dóttir hennar, Birna Valgerður Benónýsdóttir, sem verður ekki sauttján ára fyrr en í september. Birna skoraði 11 stig, tók 7 fráköst og varði 3 skot í sínum fyrsta bikarúrslitaleik í meistaraflokki.

Anna María Sveinsdóttir missti aðeins af einum af fyrstu ellefu bikarmeistararitlunum (barneignarfrí) og er sú sem hefur unnið þá flesta á ferlinum. Það hefur nefnilega ekkert eitt annað félag unnið fleiri bikarmeistararitla til samans en KR er með tíu bikarmeistararitla eins og Anna María.

Nýtt gullaldarlið?

Hvort Keflavík er búin að eignast nýtt gullaldarlið verður að koma í ljós en þær sem unnu bikarinn 1988 áttu eftir að vinna alla titla í boði næstu þrjú tímabil og við tók mikil sigurganga sem lengist nú enn.

ooj@frettabladid.is



Í KVÖLD KL. 19:20

LAST WEEK TONIGHT

WITH JOHN OLIVER

Á NÝJUM TÍMA

Í OPINNI DAGSKRÁ



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

365.is | Sími 1817

365

TÍMAMÓT



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og bróðir,

Dagur Jónsson

vatnsveitustjóri,
Heiðvangi 80, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
9. febrúar. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju
föstudaginn 17. febrúar kl. 15.00.

Pórdís Bjarnadóttir
Vera Dagsdóttir
Vaka Dagsdóttir
Vala Dagsdóttir
Páll Fannar Pálsson
Bjarni Guðmundsson
Vala, Jón Kári og Sigurlaug Jónsbörn.



Eiginkona mín, móðir okkar og dóttir,
Ólöf Nordal

lést í Reykjavík 8. febrúar.
Útför hennar fer fram frá
Dómkirkjunni föstudaginn 17. febrúar
klukkan 13. Þeim sem vilja
minnast hennar er bent á
Krabbameinsfélag Íslands.

Tómas Már Sigurðsson
Sigurður, Jóhannes, Herdis og Dóra
Dóra og Jóhannes Nordal



Birta Rán Björgvinsdóttir og Guðný Rós Þórhallsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frumssýna ári síðar

Birta Rán og Guðný Rós, konurnar á bak við framleiðslufyrirtækið Andvara, frumssýna í dag myndband við atriðið Elsku stelpur sem vann Skrekk árið 2015.

„Elsku stelpur er atriði stelpnanna í Hagaskóla sem unnu hæfileikakeppnina Skrekk árið 2015. Við Guðný sátum saman í litlum fólkshúsi á leiðinni heim eftir langan og kaldan tökkudag í skólanum þegar við sáum myndbandið. Það var í lélegum símagæðum og allt á hreyfingu en kraftur og mikilvægi þessa atriðis leyndi sér ekki. Við allavega sátum þarna með gæsa-húð þegar við litum hvor á aðra og fengum þá hugmynd að gera almennilegt myndband við atriðið,“ segir Birta Rán Björgvinsdóttir um myndbandið við Elsku stelpur. Atriðið sem um ræðir, Elsku stelpur, er femínískur ljóða- og dansgjörningur og skilaboðin hreyfðu við Birtu og Guðnýju.

Myndbandið var tekið upp á Valentínusardaginn í fyrra. „Í rauninni hefur myndbandið ekki verið tilbúið til frumsýningar fyrr en núna. Ástæðan er sú að lagið sem stelpurnar notuðu í atriðið sitt er frá stórri hljómsveit en var svo tekið og remixað af enn stærri DJ svo

leyfismálin voru mjög snúin. En rétt tæpu ári frá því að við fórum að vesenast í því fengum við leyst úr leyfisflækjunni,“ útskýrir Birta. Þess má geta að hópurinn á bak við Elsku stelpur notaði lagið You & Me með Disclosure í endurhljóðblöndun Flume.

